

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er staðfest til tryggingar 4.111.960 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Áfrýjendur, Grétar Haraldsson og Þengill s/f, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 72/1978.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Antonssyni og

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Grétari Þórarni Vilhjálmsyni

(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Gáleysi. Líkamsárás. Þjófnaður. Tékkamisferli. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Af hálfu ákærvalds er þess m. a. krafist, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt því, er í ákæru 1. nóvember 1977 segir,

og verði ákærðu dæmdir til tímabundinnar refsingar, en til vara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Verjendur beggja hinna ákærðu hafa krafist sýknu af ákæru fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga. Ef ákærðu verða sakfelldir, er þess m. a. krafist, að tímabundin refsing verði dæmd, en eigi öryggisgæsla.

II.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms beindi ríkissaksóknari með bréfi 20. október 1978 eftirfarandi spurningum til Læknaráðs og óskaði umsagnar um þær:

„1. Fellst Læknaráð á niðurstöður álitserðar dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Guðmundar Antonssonar . . . ?

2. Fellst Læknaráð á niðurstöður álitserðar dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Grétars Þórarins Vilhjálmssonar . . .?“

Tillaga réttarmáladeildar um ályktun Læknaráðs, sem staðfest var hinn 1. október 1979 sem álitserð og úrskurður Læknaráðs, er þessi:

„Ad. 1: Læknaráð fellst í meginatriðum á niðurstöður álitserðar dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi Guðmundar Antonssonar. Hins vegar getur læknaráð ekki af gögnum málsins skorið úr um það, hvort um er að ræða kleifhugasýki (paranoid schizophrenia) eða geðveiki vegna ofneyslu fíkniefna.

Ad. 2: Já.“

III.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

III.1. Ákæra um brot á 211. gr. almennra hegningarlaga,
I. kafli ákæru 1. nóvember 1977.

Hinir ákærðu í máli þessu voru vistaðir sökum ölvunar í fangaklefa í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu 113, Reykjavík, hinn 19. júlí 1977 rétt fyrir kl. 2200. Í klefa þessum voru þá fyrir tveir menn, sem höfðu verið vistaðir

þar einnig sökum ölvunar rétt eftir kl. 2100, og var annar þeirra Hrafn Jónsson.

Af gögnum máls verður ráðið, að fangaverðir urðu þess áskynja laust eftir kl. 2300, að ráðist hafði verið að Hrafn, og var hann blóðugur í framan. Var ákærði Guðmundur fluttur í annan klefa, en fangaverðir þvoðu blóð af andliti Hrafns. Mælti aðstoðarvarðstjóri svo fyrir, að fangaverðir fylgdust með líðan Hrafns. Fáum mínútum síðar veittu fangaverðir því athygli, að eitthvað alvarlegt væri að Hrafn, og var þá hringt eftir sjúkrabifreið og Hrafn fluttur í henni að slysa-deild Borgarspítalans. Kom bifreiðin þangað kl. 2335, og töldu læknar Hrafn þá látinn.

Samkvæmt sakargögnum er sannað, að hinir ákærðu veittust í sameiningu að Hrafn Jónssyni, sem var ofurölvi og svaf þarna ölvunarsvefni, að því er vitni telja, en alkóhólmagn í blóði hans samkvæmt blóðsýni, er tekið var eftir lát hans, reyndist vera 3.38%. Er aðför hinna ákærðu að Hrafn lýst rækilega í hinum áfrýjaða dómi. Er aðferð sú, sem þeir ákærðu beittu, stórháskaleg, og var um stórfellda líkamsárás að ræða. Samkvæmt skýrslum um réttarkrufningu á líki Hrafns er dánarorsök talin vera „samverkan áverkanna á hálsinum og alkóhóls“.

Hinir ákærðu kváðust ekki hafa þekkt Hrafn. Allt er á huldu um, hvað þeim hafi gengið til verksins. Eigi telja þeir Hrafn hafa gert neitt á hluta sinn. Ákærði Guðmundur kveður svo að orði, að „eitthvert brjálæði hefur gripið mig þarna“. Ákærði Grétar Þórarinn kveðst hafa æst upp við atferli ákærða Guðmundar gagnvart Hrafn og eigi staðist frýju-orð meðákærða, er ögrað hefði sér til átaka. Hann kveður ákærða Guðmund eigi hafa látið sér um munn fara orð, er hníga að því, að drepa ætti Hrafn. Kveðst hann „ekki hafa trú að því, að sú væri ætlunin, þetta hafi bara einhvern veginn farið svona“. Hann kveðst ekki hafa hugsað út í, að aðfarir þeirra gætu verið lífshættulegar.

Enginn skýr hvati er að verknaði þeirra. Þegar það er haft í huga, og tekið er tillit til brenglaðs hugarástands þeirra á þeim tíma, er brotið var framið, þykir varhugavert að telja

sannað, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, að með þeim hafi búið ásetningur til að ráða Hrafni bana. Verður brot ákærðu því ekki fært til 211. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar var líkamsárásin þeim viljaverk, og mátti þeim vera ljóst, að af henni gæti hlotist líftjón. Háttsemi þeirra þykir varða við 218. og 215. gr. almennra hegningarlaga. Er heimilt að beita þeim refsíákvæðum, þótt þau séu eigi greind í ákæru, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974, og var saksóknara og verjendum veittur kostur á að reifa málið á þeim grundvelli, að háttsemin kynni að varða við þau refsíákvæði.

III.2. Ákæra um þjófnað og fjársvik, II. og III. kafli ákæru 1. nóvember 1977.

Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn dómsins um þessa þætti ákærunnar.

IV.

Í héraðsdómi eru raktar skýrslur dr. med. Lárusar Helgasonar um geðheilbrigði og sakhæfi hinna ákærðu, og hér að framan er reifuð álitserð og úrskurður Læknaráðs um þær. Með vísan til þeirra gagna verður að telja, að hinir ákærðu hafi verið sakhæfir, þegar þeir frömdu brot sín. Geðhagir ákærða Guðmundar vekja að vísu efasemd um, að refsing muni bera árangur, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga, en eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, þykir þó rétt að dæma honum tímabundna refsingu. Við ákvörðun refsinga hinna ákærðu ber að líta til þess, að þeir frömdu brot, er greinir í III, 1, í sameiningu, sbr. 2. málsg. 70. gr. almennra hegningarlaga, og að þeir vega gegn sofandi manni, sem ekki getur hjörg sér veitt sakir ofurölvunar, með stórháskalegri aðferð. Hitt ber einnig að virða, að varhugavert var að vista þá, svo sem þeir voru á sig komnir, í fangaklefa með tveimur öðrum dauðadruknum mönnum.

Ákærði Grétar Þórarinn var með dómi sakadóms Reykjavíkur 12. maí 1978 sakfelldur fyrir brot gegn 259. gr. al-

mennta hegningarlaga nr. 19/1940 og 24. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Honum var eigi dæmd refsing, en hann var sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá uppsögu dómsins að telja. Við ákvörðun refsinga beggja ber að vísa til 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig til 78. gr. sömu laga að því er varðar ákærða Grétar Þórarin. Refsing hvors um sig þykir hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. Frá refsivist ber samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að draga gæsluvarðhaldsvist ákærðu, en þeir hafa sætt henni óslitið frá 20. júlí 1977.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð svo og ákvæði hans um bótagreiðslu.

Ákærði Guðmundur greiði málsvarnarlaun verjanda síns, 350.000 krónur, og ákærði Grétar Þórarinn greiði málsvarnarlaun verjanda síns, 350.000 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 350.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Guðmundur Antonsson og Grétar Þórarinn Vilhjálmsson, sæti hvor um sig 8 ára fangelsi. Gæsluvarðhaldsvist þeirra óslitið frá 20. júlí 1977 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og fébótagreiðslu eiga að vera óröskuð.

Ákærði Guðmundur Antonsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 350.000 krónur, og ákærði Grétar Þórarinn greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 350.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 350.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Ákærðu brugðu leðurbelti um háls Hrafns Jónssonar, þar sem hann lá í óviti í fangaklefa 19. júlí 1977, og hertu að. Er ekki vafamál, að yfirgnæfandi líkur eru á, að slíkt atferli leiði til bana. Er verknaður ákærðu þess vegna slíkur, sem lýst er í 211. gr. almennra hegningarlaga.

Eftir að héraðsdómur var kveðinn upp, hefur verið aflað nýrra gagna, svo sem um ræðir í atkvæði meiri hluta dómenda. Meðal gagna þessara eru umsagnir Brynleifs H. Steingrímssonar fangelsislæknis 17. mars 1980 um báða hina ákærðu. Um ákærða Grétar Þórarin Vilhjálmsson segir fangelsislæknirinn meðal annars:

„ . . . Ef leggja á dóm á skaphöfn og skynsemi Grétars eftir samtölum mínum við hann, teldi ég hann hafa dómgreind, sem nægði til eigin afkomu og bjargræðis í þjóðfélaginu, en hann hefir áberandi „character disorders“, þ. e. skapgerðargalla, sem hleypa honum oft í ógöngur. Hann er „addict“ á alcohol og lyf, en þessir eiginleikar hans munu hafa ráðið ferðinni undanfarin ár, þegar hann hefur verið frjáls maður.

Í dag tel ég Grétar vera með dágóða dómgreind, vilja til að bæta líferni sitt og gera sér sémilega góða grein fyrir stöðu sinni og horfum.“

Meginmál umsagnar Brynleifs H. Steingrímssonar um ákærða Guðmund Antonsson er þannig:

„Varðandi fangann Guðmund Antonsson, f. 07.04. 31, Skólavörðustíg 6, Rvík, nú á Vinnuhælinu Litla-Hrauni.

Guðmundur hefir dvalist á hælínu frá 13. febr. 1978.

Varðandi hegðun og framkomu Guðmundar er það helzt að segja, að hann hefir þau tvö ár, sem hann hefir nú dvalist á hælínu, verið mjög afbrigðilegur í öllum háttum, og verður hegðun hans ekki dæmd annað en sjúkleg.

Guðmundur er að mínum dómi geðsjúkur með ofsóknar- og þráhyggjueinkenni. Dómgreind hans er brengluð, og er hann með öllu ósjálfbjarga sem þjóðfélagsþegn. Guðmundur er auk þessa mikið líkamlega fatlaður og gengur haltur og mjög skakkur og virðist burðalítill.

Hér er um að ræða sjúkan mann með slæmar batahorfur. Að mínum dómi ætti hann heima á sjúkrahúsi eða hjúkrunarheimili, enda á hann mjög erfitt með að aðlaga sig meðföngum og tilhögun fangelsisins“.

Með hliðsjón af því, sem fram er komið af læknisfræðilegum gögnum varðandi ákærða Grétar Þórarin Vilhjálmsson, tel ég, að honum verði að refsa fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga svo og fyrir þjófnað. Er ég sammála meiri hluta dómenda um refsingu þessa manns.

Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum varðandi ákærða Guðmund Antonsson (tel ég fram komið, að mjög verulegar líkur séu til, að hann hafi verið geðveikur 19. júlí 1977 og ósakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Vafalaust er að mínu áliti, að hann var þá andlega miður sín vegna hrörnunar af völdum langvarandi neyslu áfengis og annarra vímuegja. Ekki hefur verið leitað sérstaklega læknisumsagnar um, hvort ætla meg, að refsing geti borið árangur, og er þó skylt að leita slíkrar umsagnar eftir 16. gr. almennra hegningarlaga. Nú liggur fyrir umsögn Brynleifs H. Steingrímssonar, þar sem fjallað er um þetta atriði á þann hátt, að unnt er að dæma málið. Verður af umsögninni og öðrum gögnum málsins ráðið, að ekki er líklegt, að refsing geti borið árangur. Ber því að mínu áliti að staðfesta héraðsdóm að því leyti, að Guðmundur Antonsson skuli sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og um fébætur til Emils Jónssonar úr hendi ákærða Guðmundar Antonssonar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómarara sem dómsformanni og sakadómurunum Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 537-538/1977: Ákærvaldið gegn Guðmundi Antonssyni og Grétari Þórarini Vilhjálmssyni, sem tekið var til dóms 30. nóvember.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. f. m., gegn:

1. Guðmundi Antonssyni, heimilislausum gæslufanga, fæddum 7. apríl 1931 á Siglufirði,
2. Grétari Þórarni Vilhjálmsyni, heimilislausum gæslufanga, fæddum 7. maí 1932 í Reykjavík, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

I. Manndráp.

Báðum ákærðu er gefið að sök að hafa í sameiningu þriðjudagskvöldið 19. júlí 1977, um kl. 23, svipt Hrafn Jónsson, fæddan 26. nóvember 1927, til heimilis að Bjargarstíg 6, Reykjavík, lífi í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu 113, Reykjavík, þar sem þeir höfðu fyrir um kvöldið verið vistaðir saman í fangaklefa sökum ölvunar ásamt fjórða manni, með því að ákærði Guðmundur brá buxnabelti sínu, sem láðst hafði að taka af honum, um hálsinn á Hrafn, sem svaf ölvunarsvefni á bekk í fangaklefanum, og dró beltisendann í gegnum beltissilgjuna og herti síðan að hálsinum af afli jafnframt því sem ákærði Grétar Þórarinn hélt fótum Hrafns, meðan Guðmundur togaði og rykkti í beltisendann, en tók síðan við beltisendanum af Guðmundi og herti með sama hætti nokkra hríð að hálsi Hrafns, eða allt þar til fangaverðir komu á vettvang, sem létu flytja Hrafn litlu síðar á slysavarðstofuna í Reykjavík, þar sem hann var úrskurðaður látinn.

Framanlýst háttsemi beggja ákærðu telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaður.

Ákærða Grétari Þórarni er gefið einum að sök að hafa þriðjudagskvöldið 12. júlí 1977 brotist inn í mannlaust íbúðarhús að Suðurlandsbraut 49 A, Reykjavík, og stolið þar frá húsráðandnum, Ágúst Guðjónssyni, kr. 77.200 í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Tékkasvik.

Ákærða Guðmundi Antonssyni er einum gefið að sök að hafa í maímánuði 1977 gefið út í eigin nafni tékka nr. 167898 á Búnaðarbanka Íslands, útibúið í Búðardal, að fjárhæð kr. 1.800 á ávísanareikning nr. 91671 án þess að eiga þar í banka tékkareikning né innstæðu, en tékkann notaði síðan ákærði til greiðslu á

ökugjaldi til Emils Jónssonar leigubifreiðarstjóra, Skúlagötu 70, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði báðir dæmdir til refsingar, ákærði Guðmundur til greiðslu skaðabóta og ákærðu báðir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu hefur komið fram fébótakrafa frá Emil Jónssyni bifreiðarstjóra, Skúlagötu 70, sem krefst þess, að ákærði Guðmundur verði dæmdur til þess að greiða andvirði tékka þess, sem ákæruliður III lýtur að, 1.800 kr.

Málsatvik.

I. Að kvöldi þriðjudagsins 19. júlí sl. voru ákærðu Guðmundur Antonsson og Grétar Þórarinn Vilhjálmsson handteknir af lögregluþjónum við húsið nr. 44 við Hávallagötu í Reykjavík. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Árna Stefánssonar lögregluþjóns hafði lögregluaðstoðar verið óskað að húsi þessu vegna manna, sem þar höfðu haft í frammi ölvunarlæti. Guðmundur var á reiki í garðinum við húsið, er að var komið, en Grétar Þórarinn kom síðan út um dyr á þvottahúsi á bakhlið hússins. Ákærðu voru fluttir í lögreglustöðina við Hverfisgötu, og voru þeir þar settir í klefa nr. 2 í fangageymslunni. Samkvæmt skýrslu Einars Bjarnasonar aðstoðarvarðstjóra hefur Guðmundur verið vistaður í fangageymslu kl. 2156, en Grétar Þórarinn mínútu síðar.

Klefi nr. 2 í fangageymslunni er fjögurra manna klefi við hlið varðstofu. Er ákærðu komu í klefann, voru þar fyrir tveir aðrir fangar, Sigurlaugur Jón Sigurðsson, Skólavörðustíg 29, fæddur 25. jan. 1917, er settur hafði verið í klefann kl. 2103, og Hrafn Jónsson, Bjargarstíg 6, fæddur 26. nóv. 1927, settur inn kl. 2107.

Þetta kvöld urðu þeir atburðir í klefa nr. 2, er leiddu til þess, að á milli kl. 23 og 24 lét lögreglan flytja fangann Hrafn Jónsson í slysadeild Borgarspítalans, en er hann kom þangað, kl. 2335, reyndist hann látinn. Þykir rétt að rekja hér fyrst framburði þeirra starfsmanna lögreglunnar, sem þarna komu við sögu og borið hafa vitni, en þeir eru Einar Bjarnason aðstoðarvarðstjóri, Amalía Jónsdóttir fangavörður og Sigurður Tryggvi Sigurðsson nemi, sem starfaði við fangavörslu sem afleysingamaður á þessum tíma.

Einar Bjarnason segir, að þeir fjórir menn, sem áður var frá

greint, hafi verið settir í klefa 2, sem hjá lögreglunni sé kallaður Almennigur, af því að þeir hafi verið tíðir gestir hjá lögreglunni og taldir mjög rólegir og meinlausir. Engum hafi komið í hug, að þeir mundu vinna nein ofbeldisverk. Þeir höfðu oft áður verið vistaðir í Almennignum. Þetta kvöld var ástand þeirra svipað og oft endranær. Þeir voru báðir drukknir og virtist líða illa, voru eirðarlausir og upptrektir, en í fangageymslunni kveður Einar það ekki vekja sérstaka athygli, þótt menn í því ástandi séu færðir þangað. Framan af var allt kyrrt, en síðan kölluðu þau Amalía og Sigurður Tryggvi í Einar, og fór hann til þeirra, þar sem þau voru stödd í klefa 2. Þá lá Hrafn Jónsson á dýnu á gólfinu með andlitið niður og var blóðugur í framan. Einar þerraði blóðið af honum með rökum klút, og þá blæddi ekki meira. Hrafn hafði skrámu á vör, og taldi Einar, að blætt hefði úr henni. Einar telur andardrátt Hrafns hafa verið eðlilegan, og hann kveðst hafa tekið á púlsinum, sem verið hafi kröftugur. Hrafn var látinn liggja áfram á dýnunni á hliðinni. Sigurlaugur lá á bekk og virtist í þungum ölvunarsvefni. Ákærðu sátu á bekk. Amalía hafði orð á því, að Guðmundur mundi hafa barið Hrafn, en Guðmundur varð afundinn við og sagði eitthvað í þá átt, að Hrafn hefði slegið hann fyrst. Einar lét nú flytja Guðmund í annan klefa, en fór svo fram og mælti svo fyrir, að fylgst skyldi með líðan Hrafns. Þremur til fimm mínútum síðar kallaði Amalía til hans á ný og sagði, að eitthvað væri að Hrafn. Einar fór þá inn í klefann og athugaði Hrafn og fann nú ekki andardrátt hjá honum, lét síðan hringja eftir sjúkrabifreið og ná í súrefnistæki, er hann setti á vit Hrafni. Þá virtist honum veikur andardráttur hjá Hrafn, en púls ekki merkjanlegur. Meðan þessu fór fram, var Grétar Þórarinn þarna inni hjá þeim og sagði, að átök hefðu orðið og Hrafn átt upptök að þeim. Hann hefði sjálfur tekið um fætur Hrafn, en Guðmundur um háls honum. Einar segir, að þegar Hrafn var settur inn í fangaklefann um kvöldið, hafi ekki verið að sjá á honum blóð né neina áverka.

Amalía Jónsdóttir skýrir svo frá, að hún hafi ekki fylgst með, þegar fangar þeir, sem voru í klefa 2, voru settir þangað um kvöldið. Hún var stödd í varðstofu, er hún heyrði dýnk frá klefa 2. Þá fór hún inn á bakgang, en milli hans og klefans er rimlagluggi. Ákærðu sátu þá báðir á bekk vinstra megin séð frá henni, Sigurlaugur svaf á bekknum hægra megin og Hrafn á bekknum beint á móti. Amalía spurði ákærðu, hvort þeir væru að slást, en þeir neituðu. Hún spurði, hvaða dýnkur þetta hefði

verið, og benti Guðmundur þá á Hrafn og sagði: „Hann hérna réðst á mig.“ Amalía svaraði, að það stæðist ekki, Hrafn væri steinsofandi. Guðmundur stóð þá upp og hafði belti í höndum og bjó sig til að þræða það í buxur sínar. Amalía skipaði honum eð afhenda beltið, og rétti hann henni það gegnum rimlagluggann. Þá sá hún blóð á skyrtu Guðmundar og á jarka hægri handar hans. Kallaði hún þá á Sigurð Tryggva, og þau fóru saman inn í klefann. Þau tóku Hrafn upp í dýnuni og lögðu hann á gólfið. Hann var blóðugur um vitin, en blóðið sýndist eins og hálfstorknað. Hann andaði og púlsinn sló. Amalía kallaði nú í Einar Bjarnason. Náð var í blautt handklæði og blóð þerrað úr andliti Hrafns, sem var skrámaður á munni. Þá var hætt að blæða. Guðmundur var svo fluttur í annan klefa, en hinir þrír skildir eftir í klefa 2. Fáum mínútum síðar leit Amalía inn í klefann, og var Hrafn þá í svipuðum stellingum, en þó enn meira á grúfu, og hrygglukennnd andvörp heyrðust frá honum. Þá kallaði Amalía í Einar, og fóru þau inn í klefann, en báðu Sigurð Tryggva áður að ná í sjúkrabifreið. Síðan voru súrefnistæki sett á vit Hrafns. Amalía gætti að púlsinum og fann veikan púls. Hrafn var síðan fluttur burt í sjúkrabifreið, en síðar kom frétt um, að hann væri látinn. Þá fór Amalía og talaði við Grétar Þórarin og spurði hann, af hverju ákærðu hefðu verið að berja Hrafn, en hann svaraði, að hann hefði ekki barið hann, aðeins haldið löppunum á honum, meðan Guðmundur hefði barið hann.

Sigurður Tryggvi Sigurðsson skýrir frá á þessa leið: Hrafn Jónsson var svo ölvaður, er hann var færður í fangaklefa, að það varð að styðja hann. Ekki sást á honum blóð né ákomur. Sigurður sá einnig um að setja ákærðu í fangaklefann síðar um kvöldið. Hann leit svo öðru hverju inn í klefann og sá ekki neitt athugavert. Milli kl. 23 og 2330 kallaði Amalía til hans, en þá voru að álitu Sigurðar 15—20 mínútur síðan hann hafði síðast litið inn í klefann. Sigurður var í eftirlitsgöngu, er Amalía kallaði. Þau Amalía fóru saman inn í klefann. Þá lá Hrafn á sama bekk og hann hafði verið lagður á. Hann lá upp í loft og korraði í honum. Blóð var á andliti hans og hægra eyra. Þau tóku dýnuna með Hrafni á og lögðu á gólfið. Sigurður náði í blautt handklæði, sem blóð var þerrað af Hrafni með. Talsvert blóð hafði einnig komið í dýnuna. Þau töldu, að blætt hefði úr sári, sem Hrafn hafði á vör. Einar Bjarnason gætti að púls og andardrætti og taldi hvort tveggja í lagi, og var svo ákveðið að sjá til smástund. Fóru þau þrjú síðan út úr klefanum, en Guðmundur var

færður í annan klefa. Sigurður færði Guðmundi vatn þangað og spurði þá, hvað gengið hefði á, en Guðmundur sagði þá, að Grétar hefði slegið Hrafn. Fáum mínútum síðar kallaði Amalía, sem þá hafði gætt í klefa 2. Sigurður hringdi í sjúkrabifreið og undirbjó, að Hrafn yrði fluttur burt. Eftir að það hafði verið gert, var talað við Grétar um, hvað gerst hafði, en hann kvað Hrafn þá hafa ráðist á Guðmund, sem síðan hefði slegið Hrafn. Eftir það hefðu þeir lagt Hrafn á bekkinn, Guðmundur tekið um háls honum og hann sjálfur (Grétar) haldið um fætur hans. Guðmundur hélt því einnig fram, er rætt var við hann, að Hrafn hefði ráðist á hann, svo að hann hefði dottið utan í vegginn, Grétar slegið Hrafn að því búnu og hann sjálfur (Guðmundur) þjarmað að honum.

Sigurður Tryggvi segir, að sér hafi bersýnilega orðið á sú skyssa að leita ekki nógu vel á Guðmundi, svo að hann hafi verið með mittisól sína, er hann var settur í klefann, en skv. 8. gr. reglna fyrir lögreglumenn og fangaverði um meðferð handtekinnna manna skal taka af föngum hluti, er geta orðið þeim hættulegir, meðal annars mittisól.

Sigurður Tryggvi skýrði svo frá, er hann bar vitni við meðferð málsins, að hann hefði séð Guðmund vera að pukrast með eitt-hvað, er þau Amalía komu inn í klefann, og hafi komið í ljós, að Guðmundur var með mittisól sína. Afhenti hann Amalíu hana eftir kröfu hennar. Greindi þau Sigurð Tryggva og Amalíu á í framburði sínum að þessu leyti. Við samprófun kvaðst Amalía örugg um, að hún hefði verið búin að taka ólina af Guðmundi, áður en hún kallaði í Sigurð, og hefði Guðmundur rétt henni ólina gegnum rimlagluggann, er hún var stödd í bakganginum. Sigurður Tryggvi kvaðst þá ekki vilja vefengja vætti Amalíu og hefði þetta líklega skolast til í minni hans vegna þess mikla umtals, sem orðið hefði um mittisólina.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði Guðmundur neitað því, að hann hafi átt þátt í að svipta Hrafn Jónsson lífi, og er sá framburður mjög í ósamræmi við skýrslur, sem hann hafði gefið við rannsókn málsins, bæði fyrir rannsóknarlögreglu svo og fyrir sakadómi. Ákærði Grétar Þór hefur hins vegar í öllum skýrslum sínum haldið fast við það, að bæði Guðmundur og hann hafi hertól að hálsi Hrafns og slegið hann.

Framburður hinna ákærðu verður nú rakinn nánar og þá fyrst skýrslur þær, sem Guðmundur hefur gefið í máli þessu.

Guðmundur gaf fyrst skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu kl.

1335 miðvikudaginn 20. júlí. Hann skýrði svo frá, að þeir Grétar hefðu verið töluvert saman að undanfögnu og neytt bæði áfengis og lyfja. Kvöldið áður höfðu þeir svo verið teknir vestur í bæ og settir í varðhald. Í klefanum hefðu tveir menn verið fyrir, báðir sofandi. Einhvern veginn hefði svo tekist til, að hann hefði tekið belti af sér og sett á háls öðrum manningnum og hert að, einnig slegið manninn. Síðan hefði bráð af sér og þá hefði hann séð, að þetta gæti verið hættulegt. Hann kvaðst hafa verið með beltið í höndunum, er fangaverðir komu að. Guðmundur sagði, að hann minntist þess ekki, að maðurinn hefði gert neitt á hluta þeirra félaga, og hefði það bara verið eitthvert brjálæði, sem greip þá.

Við þessa skýrslu hefur Guðmundur gert þá athugasemd við meðferð málsins, að sér hafi verið ógnað, og er hann var spurður, í hverju ógnanir hefðu verið fólgnar, sagði hann, að sér hefði verið bent á, að hann ætti börn og hvort honum væri ekki annt um líf þeirra.

Þegar Guðmundur hafði skýrt frá á þann veg, sem nú var lýst, var hann spurður, hvort fleiri hefðu ógnað honum við rannsókn málsins. Því svaraði hann einungis þannig: „Ja, já eiginlega að ég held, ég man það ekki.“

Þegar Guðmundur kom fyrir dóm 20. júlí kl. 1555 vegna kröfu um gæsluvarðhald, kvaðst hann ekki muna til nema eins manns, er verið hefði fyrir í klefanum, er þeir Grétar voru færðir þangað. Guðmundur kveðst hafa sett mittisól sína um háls manningnum, einu sinni að því er hann minnti, og hert að. Um tilefni þessa eða aðdraganda kvaðst hann ekki muna, en minnti, að maðurinn hefði verið að rifast við hann. Ekki gat hann um það sagt, hvort Grétar hefði átt þátt í afskiptum af manningnum, en minntist þess þó við nánari athugun, að Grétar hefði danglað í höfuð mannsins með höndunum. Guðmundur sagði, að eftir að hann herti beltið að hálsi mannsins, hefði hann séð, að augu hans voru blóðhlaupin, og þá hefði hann tekið beltið af hálsinum. Hann kvaðst hafa verið mjög ölvaður, er hann var færður í klefann, en rankað við sér um það leyti, er hann tók beltið af hálsi mannsins.

Þegar skýrsla þessi var borin undir Guðmund við meðferð málsins, sagði hann einungis, að það væri sama, þetta gæti ekki verið, þetta hlyti að vera einhver heilaspuni.

Hinn 13. september hafði Guðmundur gefið allrækilega skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Í skýrslu þessari lýsir hann fyrst æviferli sínum og lifnaðarháttum sínum að undanfögnu, en síðan

er hann spurður um sakarefnið. Hann skýrir svo frá, að hann hafi reynt að rifja upp málsatvik, en muni þau samt óljóst. Sig minni, að maður, sem var á bekk í klefanum, hafi risið upp og farið að rifast við Grétar, sem þá hafi lent í átökum við manninn. Guðmundur kveðst hafa farið að hjálpa Grétari og muni hann, að hann hafi tekið mittisól sína, sem ekki hafi verið tekin frá honum við vistun hans í klefanum. Hafi hann í þessum stimpingum sett ólina um háls manninum. Grétar hafi verið búinn að berja manninn og blætt hafi úr andliti hans, er hann (Guðmundur) var að koma beltinu fyrir. Hann kveðst svo hafa sett ólina gegnum sylgjuna og hert að, en verið svo máttlaus, að hann hafi ekki náð neinu taki og sleppt. Grétar hafi þá einnig tekið í ólina. Guðmundur kveðst ekki hafa slegið manninn, en Grétar hafi slegið hann eða slengt honum niður á bekkinn. Um það, hvað honum hafi gengið til þessa, minnst Guðmundur þess ekki, að önnur ástæða væri en sú, að hann hafi verið að aðstoða Grétar.

Þegar athygli Guðmundar var við meðferð málsins vakin á skýrslu þessari, sagði hann aðeins: „Ég held, að ég hafi ekki verið fær um að hjálpa manninum til neinna hluta.“

Framkoma Guðmundar við meðferð málsins var að flestu leyti mjög annarleg. Framburður hans var oftast ruglingslegur og óskýr. Stundum svaraði hann spurningum seint eða alls ekki og stundum algerlega út í hött, þannig að svör hans voru ekki í neinum tengslum við spurningarnar. Fyrir kom, að hann rauk upp með illyrði, svo sem er hann hlýddi á vitnið Guðbjörn Helga Ríkharðsson, er síðar verður vikið að. Þá er síðar í dómsforsendum lýst rannsókn, sem fram fór á geðheilbrigði Guðmundar.

Ákærði Grétar Þórarinn heldur því fast fram, að hann hafi tekið þátt í atlögu að Hrafni Jónssyni í félagi við ákærða Guðmund og séu þeir samsekir og þáttur þeirra í verkinu mjög svipaður. Hann hefur gefið margar skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu við rannsókn málsins, einnig fyrir dómi, áður en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Vísar hann til skýrslna þessara.

Grétar kveðst hafa verið í félagsskap með Guðmundi daginn, sem atburðurinn gerðist, en þeir höfðu hist í Gistiheimlinu í Þingholtsstræti. Kveðst hann hafa tekið inn töluvert af valiumtöflum, sem Guðmundur hafi haft meðferðis, og drukkið eitthvað af spritti. Þeir hafi svo verið handteknir vestur í bæ og færðir í fangageymslu. Þar hafi tveir menn verið fyrir í fasta svefni, en annar þó eitthvað verið að rumska. Guðmundur hafi tekið belti sitt og brugðið um háls öðrum manninum, dregið ólina gegnum

sylgjuna og hert að. Grétar kveðst hafa haldið um fætur mannsins, sem hafi hreyft sig eitthvað. Síðan hafi hann einnig tekið í beltisólina og rykkt í oftart en einu sinni. Þá hafi þeir Guðmundur báðir til skiptis slegið manninn. Síðan hafi þeir hætt afskiptum af manninum og Guðmundur verið að setja á sig beltið, er fangavörður kom að.

Grétar skýrði á þennan veg frá atvikum í fyrstu skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, og við þennan framburð hélt hann, er hann var yfirheyrður í dómi 20. júlí svo og við meðferð máls þessa.

Í skýrslu, sem Grétar Þórarinn gaf 25. júlí, skýrði hann frá því, að Guðmundur hefði áður verið búinn að snúa sér að hinum manninum (þ. e. Sigurlaugi Jóni) og leita á honum að sigarettum, en síðan hafi hann tekið af sér beltið og sett um háls manninum og hert að. Þá kveðst Grétar Þórarinn hafa kallað til hans, að fangavörður væri að koma, og þá hafi Guðmundur tekið ólina í skyndi til sín aftur og sett í buxnastreng sinn. Rétt á eftir hafi fangavörður litið inn og tekið manninn, sem þá hafi verið dottinn á gólfið, upp og lagt hann á bekkinn. Það hafi svo verið eftir að fangaverðirnir voru farnir burt aftur sem Guðmundur sneri sér að Hrafni.

Frásögn þessi hefur eigi stöð í öðrum gögnum málsins. Fanga-verðir kannast alls ekki við, að þeir hafi komið inn í klefann á þessum tíma. Sigurlaugur Jón kveðst reyndar hafa verið eitthvað aumur í hálsi næsta dag, en framburður hans verður rakinn nánar á eftir.

Grétar Þórarinn hefur litla sem enga skýringu getað gefið á því, hvað þeim félögum hafi gengið til með atlögu sinni að Hrafni. Í fyrstu kveðst hann hafa haldið, að Guðmundur væri að gera að gamni sínu, „djóka“, eins og hann orðar það, eða að hann væri að leita að sigarettum, ellegar að hann væri að kvelja manninn af einhverjum sadisma. Einhvern veginn hafi hann sjálfur æst upp við þetta, enda minnir hann, að Guðmundur segði við hann: „Við hvern djöfulinn ertu hræddur?“ Ekkert hafi Guðmundur þó sagt í þá átt, að þeir skyldu drepa manninn, og Grétar kveðst fyrst ekki hafa trúað því, að sú væri ætlunin, þetta hafi bara einhvern veginn farið svona. Hann kveðst sjálfur ekkert hafa hugsað út í, að aðfarir þeirra gagnvart manninum gætu verið lífshættulegar.

Grétar Þórarinn hefur í skýrslum sínum vikið að því, að þeir Guðmundur hafi umgengist hvor annan allmikið, áður en þetta

gerðist. Guðmundur hafi verið argur út í samfélagið, talið, að hann væri ofsóttur og lífið væri tilgangslaust. Hann hafi tæpt á því, að þeir yrðu að gera eitthvað til þess að fá varanlegt húsa-skjól, jafnvel drepa einhvern í því skyni. Hann hafi haft við orð, að þeir skyldu drepa Tyrfing í Gistiheimilinu, en Grétar kveðst ekki hafa tekið þetta alvarlega.

Ekki er kunnugt um nein tengsl eða kunningsskap milli hinna ákærðu og Hrafns Jónssonar, og hvorugur þeirra segist hafa þekkt Hrafn neitt.

Ákærðu voru, eins og áður er fram komið, yfirheyrðir af rannsóknarlögreglumönnum daginn eftir atburðinn, og að því búnu voru þeir skv. kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins úrskurðaðir í gæsluvarðhald, er þeir hafa setið í síðan.

Ákærðu var tekið blóðsýni kl. 0430 aðfaranótt 20. júlí. Í blóði Guðmundar reyndist alkóhólmagn 0.81% og í blóði Grétars Þórarins 0.13%. Bendir þetta eigi til þess, að ákærðu hafi verið mjög ölvaðir um kvöldið, en hafa ber í huga, að um 6½ klst. var liðin frá handtöku, er blóðsýni voru tekin.

Vitnið Guðbjörn Helgi Ríkharðsson, Eiríksgötu 11, 42 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í fyrri hluta júlímánaðar hitt ákærða Guðmund í Gistiheimilinu í Þingholtsstræti og Guðmundur hafi þá verið að tala um, hvað hann ætti að gera til þess að fá ævilangt fangelsi. Guðbjörn Helgi kveðst þá hafa spurt hann, hvort hann vildi hafa það 99 ár eins og í Bandaríkjunum eða 16 ár eins og hér á landi. Guðmundur hafi verið að tala um, að brátt færi að hausta og hann þyrfti húsa-skjól eða hvíld. Þá kveðst Guðbjörn Helgi hafa sagt við hann, að hann skyldi þá bara drepa mann. Þetta kveður Guðbjörn Helgi hafa rifjast upp fyrir sér, er hann frétti skömmu síðar, að ákærðu væru sakaðir um manndráp.

Um vætti Guðbjörns Helga hafði Guðmundur þau ummæli, að þetta væri lygabvættingur, og æstist hann mjög upp við að hlýða á vitnið, eins og áður segir.

Sigurlaugur Jón Sigurðsson hafði verið handtekinn vegna ofurölvunar og illdeilna á heimili sínu, og var það eftir ósk konu hans, að hann var settur í geymslu. Sigurlaugur hafði haft áverka eftir viðureign við konu, er hafði verið stödd á heimili hans, og lögregluþjónar létu gera að sárum hans í slysavarðstofu, áður en farið var með hann í lögreglustöðina. Sigurlaugur hefur borið það sem vitni, að hann muni ekkert eftir sér frá því, er hann sat að drykkju með konu sinni heima, og þar til hann vaknaði

í fangageymslu morguninn eftir. Man hann ekkert eftir handtökunni né hverjir voru með honum í klefanum, og kveður hann sér með öllu ókunnugt um atburði þá, er urðu í klefanum um kvöldið. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem mælir gegn því, að framburður þessi sé réttur.

Eftir að Grétar hafði látið þess getið, að Guðmundur hefði hert ól að hálsi Sigurlaugs, var Sigurlaugur spurður um líðan sína morguninn eftir að þessir atburðir urðu. Hann kvaðst hafa haft einhverjar húðrispur á hálsi hægra megin, er hann fór að raka sig. Hann hafi ekki verið tiltakanlega slæmur í hálsi. Af gögnum málsins sést, að Sigurlaugur var illa til reika eftir drykkju og hafði orðið fyrir höfuðáverkum, eins og áður segir.

Samkvæmt vottorði slysadeildar Borgarspítalans, undirrituðu af Hauki Kristjánssyni yfirlækni, var komið með Hrafn Jónson þangað kl. 2335. Í vottorðinu segir síðan m. a.:

„ . . . Sjúkraflutningsmenn töldu sig ekki hafa greint nokkurt lífsmark með manningnum á leiðinni til Slysadeildarinnar.

Við skoðun í Slysadeild sást, að maðurinn var látinn. Engin einkenni fundust um hjartslátt né öndun. Húðlitur var gráfólur og sumstaðar lítið eitt bláleitur (cyanotiskur). Ljósop voru víð og engin viðbrögð (reflexar) í augum. Framan á hálsi sást mar.

Sett var í skyndingu niður barkaslanga (gerð intubation), og sást þá rauðleit fyrirferðaraukning efst í barka (larynx), sem gat verið marblettur.

Hjartahnoð ásamt loftdælingu í lungu báru engan árangur.“

Jónas Bjarnason rannsóknarlögreglufulltrúi fór í slysadeild Borgarspítalans, eftir að tilkynnt hafði verið, að þangað hefði verið komið með látinn mann. Hann segir svo frá ástandi líks Hrafns Jónssonar:

„Andlit líksins var mikið blóðugt og blóð í munn. Einnig virtist blóð hafa runnið út um hægra eyra. Mikið var af marblettum framan á hálsi og niður á bringuna. Blóð var einnig í hári á höfðinu. Við lauslega athugun virtist maðurinn vera óeðlilega laus í háslíðnum.“

Rannsóknastofu Háskólans var falið að kryfja lík Hrafns, og annaðist Jónas Hallgrímsson læknir krufninguna. Í skýrslu hans segir m. a. á þessa leið:

„ . . . Skyrtan er talsvert blóðug. Blóð rennur úr hægra eyra. Lítilsháttar húðblæðing er einnig fyrir neðan hægra auga, 1 cm í þv.m. Skrámur eru á höku. Báðar varir eru höggvnar nálægt hægra munnviki, og er blæðing þar í kring. Framan á hálsi og

hægra megin á hálsi eru nokkrar þverlægar skrámur, sem eru nálægt 1 mm í þv.m. Liggja þær óreglulega, en allar þó nokkuð þvert. Af útliti þeirra er ekki hægt að ráða, hvað hafi valdið þeim, en líklegt er þó, að það hafi verið eitthvað, sem hafi verið bundið um eða herzt að hálsi hans. Framan til á hálsinum neðanverðum og rétt yfir bringuna ofanverða eru punktblæðingar í húð. Á hálsi má einnig sjá dauf, fól för eins og eftir þrýsting, og eru þau framan á og á hliðum. . . .

Munnur: Við tungurætur er nýleg blæðing. Tungan sjálf er eðlileg. Síðan er nýleg blæðing í kverkar og aðallega niður við og ofan við opið ofan í barkakýlið. Blæðing sú er 5 cm í þv.m. og er aðallega hægra megin við barkakýlisopið og er allt að því 1 cm á þykkt. Síðan sést 3 cm stór blæðing í vélindanu undir þekjunni, og er hún um 0.3 cm á þykkt og er 3 cm neðan við barkakýlisopið. Sömuleiðis eru blæðingar í mjúku vefina neðan við tunguræturnar og framan á hálsinum ofanverðum, undir og á milli vöðvanna þar og báðum megin við og bak við skjaldkirtlinn. . . .

. . . Barki og berkjur innihalda nokkurt blóðugt slím. . . .

. . . Þegar höfuðsverði er flett af, kemur í ljós blæðing beint ofan á hvirfli, 2 cm í þv.m. . . .

. . . Réttarefnafræðilegt mat var framkvæmt í Rannsóknastofu í Lyfjafraeði við Háskóla Íslands. Magn alkohóls í blóði var 3.38% og í þvagi 4.32%. Leitað var að barbitúrötum og diazepam og fannst það ekki.

Niðurstaða: Við krufninguna sáust áverkar á hálsi, sem benda til þess, að hert hafi verið að hálsi mannsins. Sáust þar ummerki á húð og blæðingar í vöðva og umhverfis skjaldkirtil. Stærsta blæðingin var við opið niður í barkakýlið og hafði mjög þrengt að því opi vegna blæðingarinnar. Maðurinn var mjög ölvður, er hann lézt. Telja verður, að maðurinn hafi látizt af samverkan áverkanna á hálsi og alkohóls. Áverkarnir á höfði geta ekki talist alvarlegir.“

Í málinu hafa verið lagðar fram myndir af líki Hrafns, er sýna ytri áverka greinilega. För þau á hálsi, sem vikið er að í krufningarskýrslunni, sjást einkum greinilega á myndum, teknum af Sævari Þ. Jóhannessyni frá tæknideild rannsóknarlög-reglunnar.

Jónas Hallgrímsson hefur komið fyrir dóm og borið vitni við meðferð málsins. Hann segir, að blæðingarnar í hálsi Hrafns Jóns-

sonar hljóti að hafa stafað af einhverjum áverka og sé ekkert því til fyrirstöðu, að þær hafi orsakast af því, að hert hafi verið að hálsinum með ól. Jónas var að því spurður, hvort hann teldi hugsanlegt miðað við alkóhólmagn í blóði Hrafns, að hann hafi látist af alkóhóleitrun. Hann kvaðst ekki vera eiturefnafræðingur, en almennt mundi ekki talið líklegt, að blóðalkóhól 3.38% gæti valdið bana, þótt ekki sé hægt að útiloka það með öllu. Mikið blóðalkóhól, t. d. yfir 3%, slævi hins vegar örugglega heilastarfsemina og valdi mikilli ölvun, jafnvel drykkjusvefni. Um það, hvort hugsanlegt sé, að áverkarnir á hálsi Hrafns hefðu einir út af fyrir sig getað valdið dauða, segir Jónas, að það sé hugsanlegt, en ekki líklegt, ef um hefði verið að ræða mann, sem haft hefði möguleika á að leita sér lækniástoðar, en sennilega hefði lækniáðgerða þurft með, svo sem að koma loftröri fram hjá blæðingunni eða gefa súrefni.

II. Föstudaginn 15. júlí sl. var ákærði Grétar Þórarinn Vilhjálmsson færður úr fangageymslu lögreglunnar til rannsóknarlögreglu ríkisins. Hafði komið í ljós, að ákærði hafði haft á sér 77.200 kr. í peningum, og þótti ekki einleikið, þar sem ekki var til þess vitað, að ákærði hefði haft tekjur. Ákærði skýrði svo frá, að þriðjudagskvöldið áður hefði hann farið inn í íbúðarbragga í Múlahverfi til þess að leita skjóls fyrir illviðri. Þar hefði hann svo opnað ólæsta skúffu í kommóðu og séð þar peningabúnt, er hann hefði slegið eign sinni á. Hann hafði svo eytt einhverju af peningunum, en 77.200 krónurnar væru eftirstöðvar af fé því, sem hann tók þarna.

Við könnun rannsóknarlögreglu kom í ljós, að maður að nafni Agúst Guðjónsson hafði búið í skála þessum, en var fluttur þaðan. Hann kvaðst munu hafa átt nokkra peningafúlgu geymda í skálanum, en gat þó ekki sagt um, hve mikla fjárhæð. Rannsóknarlögreglan afhenti honum áðurgreinda fjárhæð, 77.200 kr.

III. Hinn 21. maí sl. greiddi ákærði Guðmundur Antonsson Emil Jónssyni leigubifreiðarstjóra, Skúlagötu 70, ökugjald með 1.800 króna tékka, útgefnum á ávísanareikning 91671 í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Búðardal. Ákærði átti ekki reikning í banka þessum, og kveðst hann hafa tilgreint reikningsnúmer af handahófi. Hann kveðst hafa fengið tékkaeyðublaðið hjá einum kunningja sínum og telur einnig, að sá hafi eggjað hann á að rita tékkann, er þeir voru saman við drykkju og á flækingi um borgina í leigubifreiðum.

Emil Jónsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til

Þess að greiða honum tékkafjárhæðina, og hefur ákærði samþykkt þá kröfu.

Persónulegir hagir ákærðu.

Ákærði Guðmundur er fæddur á Siglufirði og mun að miklu leyti alinn þar upp hjá afa sínum til 10 ára aldurs, fluttist þá suður og var nokkur ár í Reykholti, síðan í Reykjavík. Hann hóf 16 ára að aldri klæðskeránám hér í borg, lauk námi og fékk meistarabréf, vann síðan um 11 ár við iðn sína hjá fyrirtæki því, þar sem hann hafði lært. Síðan tók að koma los á vinnu hans og hagi alla. Hann gekk í hjónaband árið 1957 og eignaðist í því 3 börn, en hann skildi við konu sína eftir 6 ár, og hefur hann ekki kvænst né tekið upp sambúð við konur síðan. Guðmundur hafði fengið lömunarveiki 3 ára að aldri og ber þess merki. Vöðvar vinstri ganglims eru rýrir, og hann gengur mjög haltur.

Guðmundur tók að neyta áfengis um 18 ára aldur, og ágerðist drykkjuhneigð hans eftir því sem árin liðu, og nú hefur hann um langt árabil verið ofdrykkjumaður, sem engin störf hefur stundað. Hann var fyrst kærður fyrir ölvun og spell árið 1965, og 17 sinnum hefur hann sæst á greiðslu ölvunarsekta. Á árinu 1957 var ákæru á hendur honum fyrir lyfseðilsfölsun frestað skilorðsbundið. Hinn 20. mars 1959 sættist hann á að greiða 800 kr. sekt fyrir brot gegn 244., sbr. 256. gr. hegningarlaga. Síðan hefur hann sætt þessum refsisdómum:

- 1965 25/8 4 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir svik.
- 1966 22/10 6 mán. fangelsi fyrir fjárdrátt og svik.
- 1967 13/2 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
- 1967 7/7 45 daga fangelsi fyrir svik.
- 1968 9/5 Sakfelldur fyrir fjársvik, refsing ekki dæmd.
- 1970 5/2 3.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1972 8/6 30 daga fangelsi fyrir svik.
- 1973 8/10 30 daga fangelsi fyrir svik.
- 1973 10/12 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og svik.
- 1973 14/3 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
- 1975 3/6 5 mán. fangelsi fyrir þjófnað, svik og spell.
- 1976 18/11 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
- 1977 27/4 3 mán. fangelsi fyrir þjófnaðartilraun og svik.

Lárus Helgason, dr. med., var við rannsókn málsins fenginn til þess að rannsaka geðhagi Guðmudar. Í skýrslu sinni segir hann, að rannsóknin hafi reynt erfiðleikum bundin og Guð-

mundur reynst ósamvinnuþýður. Rétt þykir að taka hér upp síðari hluta af skýrslu dr. Lárusar um Guðmund:

„Guðmundur er 46 ára gamall með rytjulegt alskegg, farinn að grána. Hann er grindhoraður, lotinn og þreytulegur. Augnaráð hans er heiftugt og hatursfullt. Almennt er hann þögull í viðtölum og tortrygginn. Hann virðist hlýða á það, sem sagt er, en svarar ekki. Stöku sinnum í einu viðtalinu segir hann skyndilega og án tilefnis „nei“ og hristir höfuðið. Erfitt er vegna skorts á samvinnu að segja til um, hvort hann líði af ofskynjunum, svo sem ofheyrnum, en almenn framkoma eða látbragð hans að öðru leyti mælir ekki með slíku. Hann er með ranghugmyndir og hugsanagangur hans er brenglaður, en ástand hans lagast nokkuð síðar í rannsókninni. Helst talaði hann við mig í einu viðtali, en þá komu fram samhengislausar og ruglingslegar setningar eins og: „Þú ert að leita eftir stelpum í gegn um fanga.“ Er hann átti að vinna úr persónuleikaprófi, sem Gylfi Ásmundsson lagði fyrir hann, skrifaði hann niður á prófblöðin eftirfarandi setningar: „Sálfræðingurinn hefur réttindi sem leppur ríkislögreglu sem hefur aðstöðu á Kleppsspítalanum. Það er að vera ekki sjentilmaður á rökréttan mælikvarða frjálsra manna í frjálsu umhverfi.“ Og einnig skrifar hann: „Jesús Kristi var útrýmt af Krists Olúfjalli í Júðalandinu Judeu, sem var stærra en 11 milljónir manna. 600 milljónir Júða hafa þeir verið á dögum Krists fjölskyldu. 11 milljónir manna hafa verið drepnir og útrýmt þegar síðasta ætliði Krists ættar var tekinn af lífi að rómverskum sið og blóð Krists ættartölu drukkið af lögregluvaldi Krists ættartölu.“

Telja má víst, að hin sérkennilegu viðbrögð Guðmundar við geðrannsókn séu orsökun af geðveiki (paranoid Schizophrenia).

Guðmundur fékk lómunarveiki 3ja ára gamall og skaðaðist verulega, þannig að hann var lamaður á vinstri ganglim og gengur síðan verulega haltur. Hann gerðist meistari í klæðskeraiðni. Fram að þrítugsaldri vann hann síðan sem klæðskeri á sama vinnustað hér í Reykjavík. Á þeim tíma giftist hann og eignaðist 3 börn. Vínneyslu hóf hann um 18 ára aldur, og virðist svo sem vínneyslan hafi aukist verulega upp úr tvítugsaldri. Um þrítugsaldur fer félagsleg uppbygging hans að hrynja og þá víni kennt um. Hann missti vinnuna, síðar skildu hjónin. Um líkt leyti leitar hann fyrst inn á geðsjúkrahús, tíðari skipti verða á vinnustöðum og bilin milli starfstíma verða æ lengri, og hann gerist

afbrotamaður. Andlegri og líkamlegri heilsu hrakar mjög vegna langvinnrar ofneyslu vímugjafa, hann er orðinn atvinnulaus, félaus og heimilislaus öryrki, er hann lenti í verknaði þeim, sem hann er nú ákærður fyrir.

Við fyrstu skoðun, er fór fram 4. ágúst 1977, eða 16 dögum eftir að manndrápið átti sér stað, var Guðmundur með einkenni um geðveiki eða kleyfhugasýki (paranoid schizophrenia) í slíkum mæli, að hann gat ekki talist sakhæfur. Vegna takmarkaðra tengsla við sjúkling verður ekki unnt að segja með vissu, hvort hann hafi verið geðveikur, er hann framdi afbrot sitt. Telja má víst, að skaðlegir lifnaðarhættir hans, einkum ofneysla fíkniefna, hafi í miklum mæli aukið veilur í skapgerð hans og haft áhrif á hugsanagang hans þannig, að hann varð geðveikur. Líklega hafa þó fíkniefnin haldið niðri geðveikiseinkennum, meðan hann gat neytt þeirra. Guðmundur segist hafa neytt þann dag, er verknaðurinn var framinn, bæði brennsluspritts og diazepams. Blóðrannsókn tekin nokkrum klukkustundum síðar sýndi magn alkohols í blóði 0.81%. Hann hefur því verið nokkuð mikið ölvaður. Það er því mögulegt, að Guðmundur hafi ekki verið með einkenni geðveiki í slíkum mæli, að hann teldist ekki sakhæfur, er hann tók þátt í manndrápinu. Þess ber einnig að gæta, að þessi tegund geðveiki felst í mikilli tortryggni og ofsóknarkennd, og er hugsanlegt, að þau einkenni hafi líka aukist við innilokun og yfirheyrslur, er áttu sér stað, eftir að afbrotið var framið. Alls var fylgst með Guðmundi í 6 vikur eftir fyrsta viðtal. Reglubundið fæði og hvíld í fangelsinu hafði greinilega góð áhrif á líkamsástand Guðmundar. Af viðskiptum hans við fanga-verði og af skýrslu þeirri, er Guðmundur gaf þriðjudaginn 13.09.77, má ráða, að Guðmundur hafi einnig lagast mikið andlega. Einkenni geðveikinnar virtust dvínandi, líklega það mikið, að hann gæti talist bættur af geðveikinni.

Niðurstaða.

Við fyrstu rannsókn þ. 4. ágúst s.l., eða um 16 dögum eftir að afbrotið var framið, var Guðmundur í því ástandi, að hann taldist geðveikur og ósakhæfur. Hins vegar verður ekki sagt um með vissu, hvort hann hafi verið ósakhæfur, þá er hann framdi afbrot það, sem hann er nú ákærður fyrir. Síðar í rannsókninni benda líkur sterklega til þess, að einkennin hafi dvínað í það miklum mæli, að hann teldist bættur af geðveiki sinni. Verður það fremur þakkað reglubundnu lífi í fangavist en meðhöndlun, þar sem hann tók ekki reglubundið geðlyf, meðan á rannsókninni stóð.“

Ákærði Grétar Þórarinn er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Á árinu 1952 var hann saksóttur fyrir manndráp af gáleysi (umferðarslys). Niðurstaðan varð sú, að þótt hann hefði verið heill geðheilsu, er slysið varð, hefði hann síðar tekið vefrænan geðsjúkdóm. Leiddi það til þess, að honum var ekki dæmd refsing, sbr. 63. gr. hegningarlaga, og heldur var ekki mælt fyrir um önnur viðurlög honum til handa nema ökuleyfissviptingu. Hann hefur síðan um langt árabíl verið ofdrykkjumaður og notað alls konar lyf sem vímogjafa. Síðan 1955 hefur hann 10 sinnum sæst á sektargreiðslu fyrir ölvun. Hann sætti einnig 2 refsisdómum fyrir þjófnað á árinu 1976. Í hinum fyrri (26. mars) var ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið, en með hinum síðari (17. nóv.) var hann dæmdur í 3 mán. fangelsi skilorðsbundið til 2 ára. Hefur hann þá verið talinn sakhæfur.

Lárus Helgason, dr. med., rannsakaði einnig geðheilsu Grétars Þórarins, eftir að rannsókn máls þessa hófst. Er þar rakinn lífsferill hans og greint frá rannsóknnum og prófunum, sem á honum voru gerðar. Meðal þeirra er sálfræðirannsókn Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, en niðurstaða hennar er þessi:

„Niðurstöður af þessari rannsókn, eins og hinum fyrri, sem gerðar hafa verið á Grétari, sýna ákaflega lítt þroskaðan persónuleika, sem er á mörkum þess að vera vangefinn, hefur grunnt tilfinningalíf og fátæklegt hugmyndalíf. Hefur litla stjórn á hvötum sínum og myndar léleg geðtengsl við annað fólk. Hann hefur því verulega skapgerðar- og hegðunargalla, sem m. a. koma fram í áfengissýki hans og algjörlega festulausu lífern. Merki koma fram um truflanir á greindarfari, sem kynnu að eiga rætur til vefræns skaða á miðtaugakerfi, en ekkert kom fram við rannsókn, sem bendir til meiri háttar geðveiki.“

Lokakafli (ályktun) skýrslu dr. Lárusar um Grétar Þórarin er á þessa leið:

„Hér er um að ræða 45 ára gamlan treggefinn mann, sem þó lauk barnaskólanámi. Hann ólst upp hjá foreldrum, en er ekki sáttur við uppeldið, einkum vegna skorts á umhyggju eða athygli foreldra sinna. Þegar á stráksaldri bar á viðkvæmni og nokkrum skapgerðarþrestum. Hann telur, að fyrstu alvarlegu kvíða- og öryggisleysisköstin hafi byrjað nokkrum vikum eftir að hann fékk höfuðhögg, en þá var hann 15 ára gamall. Upp úr því fór að bera á æsings- og reiðiköstum. Um 18 ára aldur er hann farinn að neyta víns í óhófi. 19 ára gamall leitar hann fyrst til geðlækna og á að baki nær 40 innlagningar á geðsjúkrahús eða dval-

arstaði tengda þeim. Takmörkuð greind ásamt vanþroskuðum tilfinningum og dómgreindarleysi hafa átt sinn þátt í skapgerðar- og hegðunargöllum hans, sem koma fram m. a. í ofneyslu vímuvaldandi efna, úthaldsleysi í starfi, heimilisleysi og árekstrum við samfélagið. Líf hans hefur í vaxandi mæli og nú síðustu árin nær einvörðungu snúist um það að komast yfir vín eða aðra vímugjafa til að svala líkamsþurftum. Hann var, er hann tók þátt í manndrápi, atvinnulaus og heimilislaus, vannærður öryrki, er neytti vins eða annarra efna daglega.

Grétar er ekki haldinn neinni meiri háttar geðveiki og telst því sakhæfur. Niðurstöður greindarprófs sýna hins vegar greindarvísitölu (Intelligence Quotience) 69. Samkvæmt alþjóðlegum skilningi (International Classification of diseases, 8th Revision, gefin út á vegum WHO) telst hann treggefinn (Borderline Mental Retardation, I.Q. 68—85). Hann er hins vegar á mörkum þess að vera vægt vangefinn (Mild Mental Retardation, I.Q. 52—67). Ég þekki ekki til neinna ákvæða, er kveða á um mörk sakhæfni með tilliti til niðurstöðu mælinga á greindarvísitölu, reyndar eru niðurstöður slíkra mælinga stundum ónákvæmar. Af niðurstöðu greindarprófsins svo og af viðtölum við Grétar verður hann að geta talist sakhæfur og ábyrgur gerða sinna. Við manndrápið var Grétar undir fremur vægum áhrifum vins (0.13%). Hann mun, að eigin sögn, þá hafa tekið inn allmikið af Valiumtöflum. Í fylgiskjölum er ástandi hans, er hann var settur í fangaklefa, lýst þannig: „Áberandi ölvaður“. Hann hefur því mjög líklega verið undir áhrifum sljógandi efna, sem hafa skert dómgreind hans og getað haft áhrif á þátttöku hans í verknaði þeim, sem hann er nú ákærður fyrir. Ekki er ljóst, hvers vegna Grétar er treggefinn, greinileg merki um heilaskaða koma ekki fram. Ástand Grétars nú gefur ekki tilefni til meðhöndlunar á geðsjúkrahusi.“

Álit dómsins.

Ákærðu játuðu það við rannsókn málsins, að þeir hefðu báðir hert ól að hálsi Hrafns og slegið hann. Grétar Þórarinn heldur við meðferð málsins fast við þennan framburð sinn, en Guðmundur hefur skýrt frá á annan veg. Framburður hans er þó að flestu leyti ruglingslegur og óskýr og skýringar hans á því, hvers vegna hann hafi skýrt öðruvísi frá við rannsókn málsins, verða að teljast einber markleysa.

Önnur gögn málsins renna stoðum undir játningar hinna ákærðu, og þykir rétt að taka sérstaklega fram eftirtalin atriði:

a) Telja verður sannað, að Hrafn Jónsson hafi látist af völdum áverka, sem hann hafi hlotið í fangageymslunni umrætt kvöld. Er þar ekki öðrum til að dreifa en klefanautum hans, en það voru auk ákærðu einungis Sigurlaugur Jón Sigurðsson, sem ljóst þykir, að sofið hafi þungum ölvunarsvefni.

b) Telja verður sannað, að Guðmundur hafi haft mittisól sína með sér inn í klefann. Á mittisólinni eru blóðblettir svo og ákoma á þeim stað, að samræmst gæti því, að hún hefði verið notuð eins og fram kemur í skýrslum ákærðu.

c) Far á hálsi Hrafns þykir benda til þess, að hert hafi verið að hálsinum með ól eða einhverju slíku.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja sannað, að ákærðu hafi í sameiningu orðið Hrafni Jónssyni að bana. Torvelt er að greina á milli þátta ákærðu hvors um sig í verknaðinum, en Guðmundur hefur þó orðið fyrri til að hefjast handa og verið öllu atkvæðameiri. Ekki verður neinum getum að því leitt, hvað vakað hafi fyrir ákærðu, enda hafa hugmyndir þeirra efalaust verið óljósar, og verður þá bæði að hafa í huga geðheilbrigði þeirra og ástand, er atburðurinn varð, en þeir höfðu þá sennilega neytt lyfja í óhófi auk áfengis. Aðdragandi að verknaðinum virðist raunverulega enginn hafa verið. Með tilliti til þeirra aðferða, sem sannað verður að telja, að ákærðu hafi beitt, þ. e. að herða ól að hálsi Hrafni og berja hann, verður að líta á verknað ákærðu sem ásetningsverknað, og varðar hann því við 211. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

Talið verður sannað með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að þeir hafi framið brot þau, sem lýst er í II. og III. kafla ákæru og eru þar rétt færð til refsíákvæða.

Andlegu ástandi og heilsu ákærðu hefur áður verið lýst. Nokkur vafi er á því, hvort Guðmundur hafi, er hann varð Hrafni Jónssyni að bana, verið í því ástandi, að hann hafi verið ábyrgur gerða sinna. Ekki þykir þó leitt í ljós, að hann hafi þá verið alls ófær um að ráða gerðum sínum í skilningi 15. gr. alm. hegningarlaga Hins vegar er einsætt, að hann er svo andlega miður sín, að ekki verður talið, að refsing geti borið árangur gagnvart honum.

Grétar Þórarinn er að vísu ekki talinn haldinn meiri háttar geðveiki, og verður hann því ekki talinn hafa verið með öllu ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann vann verkið. Engu síður verður þó með hliðsjón af gáfnatregðu hans, tilfinningalegum vanþroska og skapgerðar- og hegðunargöllum, sem hann virð-

ist hafa verið haldinn frá unga aldri, að telja, að tilgangslaust sé að refsa honum.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til 16. gr. alm. hegningarlaga verður því hvorugum hinna ákærðu dæmd refsing. Hins vegar er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að varna því, að háski verði af ákærðu. Ber því skv. 62. gr. alm. hegningarlaga að ákveða, að ákærðu sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun.

Samkvæmt lögjöfnun frá 178. gr. laga 74/1974 ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Fjárfrafa Emils Jónssonar á hendur ákærða Guðmundi verður tekin til greina.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga 74/1974 ber að ákveða, að ákærðu skuli greiða allan kostnað sakarinnar. Verður Guðmundur dæmdur til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr., og Grétar Þórarinn réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr. Annan sakarkostnað verða ákærðu dæmdir til þess að greiða óskipt, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 kr., en sókn í málinu flutti Jónatan Sveinsson saksóknari.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmundur Antonsson og Grétar Þórarinn Vilhjálmsson, sæti öruggri gæslu á viðeigandi stofnun. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði Guðmundur Antonsson greiði Emil Jónssyni 1.800 kr.

Ákærði Guðmundur greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr., og ákærði Grétar Þórarinn réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 130.000 kr. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 kr.